

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
138. fundur.

**Mánudaginn 9. september 2013 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla sveitarstjóra.**
- 2. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs.**
- 3. Fundargerðir:**
  - a) Nefndar um fyrirkomulag smölunar og girðingarviðhalds á norðanverðum Sauðadal, dags. 19. júní og 12. ágúst 2013, ásamt erindi landeigenda á Sauðadal, dags. 29. júlí 2013.
  - b) Fundar um málefni Kjalarsvæðisins, að Gullfossi, dags. 2. júlí 2013.
  - c) Samráðsnefndar um uppræðslu á Eyvindarstaðaheiði, dags. 25. júní 2013.
  - d) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra, dags. 2. júlí 2013.
  - e) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 24. júlí 2013.
  - f) Stjórnar Upprekstrarfél. Eyvindarstaðaheiðar, dags. 18. apríl 2013.
  - g) Stjórnar Upprekstrarfél. Eyvindarstaðaheiðar, dags. 11. ágúst 2013.
  - h) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16. apríl 2013.
  - i) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16. júní 2013.
  - j) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 12. ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.
  - k) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 13. ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.
  - l) Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 17. ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.
  - m) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. ágúst 2013.
  - n) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 22. ágúst 2013.
  - o) Almannavarnarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 26. ágúst 2013.
- 4. Skólastarfið á Húnavöllum.** (skólastjóri situr fundinn undir þessum lið)
- 5. Bréf:**
  - a) Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, dags. 29.07.2013.
  - b) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 06.08.2013.
  - c) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 10.07.2013.
  - d) Frá Landsvirkjun, dags. 09.07.2013.
  - e) Frá RARIK, dags. 12.07.2013.
  - f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 05.07.2013.
  - g) Frá Skipulagsstofnun, dags. 18.07.2013.
  - h) Frá Eldstoðum ehf, dags. 14.06.2013.
  - i) Frá Háskólanum á Bifröst, dags. 12.08.2013.
  - j) Frá Pacta lögmönnum, dags. 26.08.2013.
- 6. Önnur mál.**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.05

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á boðaðri dagskrá: Fundargerð fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 8. sept. 2013, tekin fyrir undir dagskrárlið 3.6) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 9. sept. 2013, tekin fyrir undir dagskrárlið 3.p)

# Sveitarstjórn Húnavatnshrepps

## 138. fundur.

### 1. Skýrsla sveitarstjóra.

Farið var yfir stöðu viklegra framkvæmda hjá sveitarfélaginu. Kantsteinar hafa verið lagðir á aðkeyrslur og bílaplön við Húnavelli, Viðgerðum á þaki yfir bókasafni og eldhúsi er lokið. Viðgerðir á þakdúkum á turni og kennslustofuálmur eru hafnar. Verið er að ljúka hellulögn með snjóbræðslukerfi við leikskólann. Sveitarstjórn samþykkti með tölvusamskiptum í júlí s.l. að taka tilboði frá Guðrúnu Benedíktsdóttir í hellulögnina, auk snjóbræðslukerfis frá N1 píparanum, samtals áætlað um 3. millj. kr. og er það staðfest hér. Ljóst er þó að kostnaður við verkið er meiri en áætlað var og skýrist það af auknum magntölum og viðbótar verkþáttum.

Áfram er unnið að endurnýjun á gluggum í Húnaveri og á Húnavöllum. Gluggarnir eru framleiddir hjá Berki hf. á Akureyri samkvæmt tilboði. Afhendingartími er um miðjan október n.k.

Í byrjun júlí var gerður samningur við iCell ehf. (Emax) um fjarskiptaþjónustu vegna netkerfis í Húnavatnshreppi. Samningurinn er til þess að bæta netsamband í sveitarfélaginu.

Burðarnetstengingar verða á Hnjúkum og í Blöndustöð. Settir verða upp nýjir sendar og varaafli á sendistöðum og skipt um móttökubúnað á heimilum.

### 2. Kjör oddvita og varaoddvita til eins árs. (Til loka kjörtímabils.)

Kjör oddvita til eins árs:

Þóra Sverrisdóttir var kjörin oddviti með fimm atkvæðum. Jóhanna Pálmadóttir fékk eitt atkvæði.

Kjör varaoddvita til eins árs:

Jakob Sigurjónsson var kjörinn varaoddviti með fjórum atkvæðum. Jón Gíslason fékk tvö atkvæði.

### 3. Fundargerðir:

- a) Nefndar um fyrirkomulag smölunar og girðingarviðhalds á norðanverðum Sauðadal, dags. 19. júní og 12. ágúst 2013, ásamt erindi landeigenda á Sauðadal, dags. 29. júlí 2013.

Þóra Sverrisdóttir vék af fundi undir þessum lið. Jakob Sigurjónsson tók við stjórn fundarins.

Fundargerðin 19. júní er lögð fram til kynningar.

Í umfjöllun um fundargerðina frá 12. ágúst var eftirfarandi samþykkt gerð:

Þar sem fyrirkomulag á smölun á Sauðadal er ákveðið fyrir haustið 2013, beinir sveitarstjórn því til fjallskiladeilda Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar, að þær reyni til þrautar að ná sátt um smölun og girðingar norðan Sauðadals fyrir 1. maí 2014.

Erindi landeigenda á Sauðadal, dags. 29. júlí 2013, lagt fram til kynningar.

Þóra Sverrisdóttir tók við stjórn fundarins.

Samþykkt var að gera stutt fundarhlé, sem stóð í ca 10 mín.

- b) Fundar um málefni Kjalarsvæðisins, að Gullfossi, dags. 2. júlí 2013.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps lýsir yfir vilja sínum til samstarfs um málefni Kjalarsvæðisins.

- c) Samráðsnefndar um uppgræðslu á Eyvindarstaðaheiði, dags. 25. júní 2013.

Lögð fram til kynningar.

- d) Heilbrigðisnefndar Norðurl-vestra, dags. 2. Júlí 2013.

Lögð fram til kynningar.

- e) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 24. Júlí 2013.

Fundargerðin er í 9. Liðum.

**Dagskrárliður 1.** Varðar erindisbréf nefndarinnar og verkaskiptingu nefndarinnar. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárliður 2.** Erindi frá RARIK, dags. 03.06.2013, um borun 1600 m djúprar vinnsluholu í landi Reykja. Nefndin samþykkti erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 138. fundur.

**Dagskrárlíður 3.** Erindi frá Hveravallafélaginu, dags. 15.07.2013, umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir 60þúsund ltr. rotþró ásamt siturbeði á Hveravöllum. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn

**Dagskrárlíður 4.** Erindi frá Hveravallafélaginu, dags. 07.07.2013, umsókn um stöðuleyfi fyrir 40feta íbúðagám norðaustan við starfsmannahúsið á Hveravöllum. Nefndin samþykkti stöðuleyfi til eins árs. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn

**Dagskrárlíður 5.** Erindi frá Landsvirkjun, dags. 16.07.2013, umsókn um byggingarleyfi fyrir forsteypta eldvarnarveggi við stöðvarnotkunarspenna Blöndustöðvar. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárlíður 6.** Erindi frá Svavari G. Eyjólfsyni, dags. 08.07.2013, umsókn um byggingarleyfi til að byggja sumarhús á jörðinni Öxl II. Sjá endanlega afgreiðlu erindisins undir dagskrárlíð 3. m).

**Dagskrárlíður 7.** Erindi frá Guðmundi Guðbrandssyni, dags. 30.05.2013, umsókn um byggingarleyfi til að byggja fjárhús á bergsstöðum í Svartárdal. Nefndin samþykkti erindið með fyrirvara um meðmæli Skipulagsstofnunar. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárlíður 8.** Erindi frá Ingimar Jóhannssyni, dags. 21. 07.2013, umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum og viðhaldi á íbúðarhúsinu í Grímstungu. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárlíður 9.** Erindi frá Húnavatnshreppi, umsókn um byggingarleyfi til að rífa aðstöðuhús við Stafnsrétt. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

f) Stjórnar Upprekstrarfél. Eyvindarstaðaheiðar, dags. 18. apríl 2013.  
Til kynningar.

g) Stjórnar Upprekstrarfél. Eyvindarstaðaheiðar, dags. 11. ágúst 2013.  
Til kynningar.

h) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16. Apríl 2013.  
Til kynningar.

i) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 16. júní 2013.  
Til kynningar.

j) Fjallskiladeildar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 12. Ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórnarfulltrúar samþykktu fjárhagsáætlunina með tölvupóstum og staðfestist það hér með.

k) Fjallskiladeildar Auðkúluheiðar, dags. 13. ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórnarfulltrúar samþykktu fjárhagsáætlunina með tölvupóstum og staðfestist það hér með.

l) Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 17. ágúst 2013, ásamt fjárhagsáætlun 2013.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórnarfulltrúar samþykktu fjárhagsáætlunina með tölvupóstum og staðfestist það hér með.

m) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 27. ágúst 2013.  
Fundargerðin er í tveim liðum. Fyrri liður fundargerðarinnar varðandi umsókn RARIK um framkvæmdaleyfi til borunar á 1600 m djúpri vinnsluholu í landi Reykja var samþykktur á símafundi sveitarstjórnar þann 29. ágúst s.l.

Annar liður fundargerðarinnar varðar umsókn frá Svavari G. Eyjólfsyni dags. 08.07.2013, um byggingarleyfi til að reisa sumarhús á jörðinni Öxl II. Sveitarstjórn Húnavatnshrepps staðfestir þá afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar, að hafna erindinu án undangengins deiliskipulags.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 138. fundur.

n) Stjórnar Brunavarna A-Hún, dags. 22. ágúst 2013.  
Lögð fram til kynningar.

o) Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna, dags. 26. Ágúst 2013.  
Lögð fram til kynningar.

ó) Fræðslunefndar Húnavatnshrepps, dags. 8. september 2013.  
Sveitarstjórn tekur undir ályktanir fræðslunefndar um að nauðsynlegt sé að skólasamfélagið sé í góðu netsambandi og að lögbundin framlög fái með öllum nemendum. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkti breytingar á gjaldskrá í mötuneyti Húnavallaskóla sem gilda frá upphafi þessa skólaárs.

Gjald fyrir nemendur per dag: 460 kr.

Gjald fyrir starfsmenn:  
Verð á máltíð í áskrift:  
Morgunmatur 180 kr.  
Hádegismatur 470 kr.

Verð á stakri máltíð:  
Morgunmatur 230 kr.  
Hádegismatur 520 kr.

Fundarkaffi: 800 kr.

p) Skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps, dags. 9. september 2013.  
Fundargerðin er í 5. liðum

**Dagskrárliður 1.** Erindi frá Gunnari Kristjánssyni, dags. 05.09.2013, umsókn um byggingarleyfi vegna endurbóta á viðbyggingu á Akri. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárliður 2.** Erindi frá Finni Björnssyni, dags. 28. 08. 2013, umsókn um byggingarleyfi vegna breytinga á íbúðarhúsinu í Köldukinn 1. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárliður 3.** Erindi frá Kristófer Kristjánssyni, dags. 04.09.2013, umsókn um leyfi til að rífa fjós með áburðarkjallara og mjólkurhús í Köldukinn 2. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárliður 4.** Erindi frá Svavari G. Eyjólfssyni, dags. 02.09.2013, umsókn um byggingarleyfi fyrir 72m<sup>2</sup> salernishús á tjaldsvæði í landi Axlar 2 í samræmi við deiliskipulag af svæðinu. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

**Dagskrárliður 5.** Erindi frá Svavari G. Eyjólfssyni, dag. 02.09.2013, umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir lagningu vegar að tjaldsvæði í landi Axlar 2. Í samræmi við deiliskipulag af svæðinu. Nefndin samþykkti erindið. Afgr. nefndarinnar staðfest í sveitarstjórn.

4. **Skólastarfið á Húnavöllum.** (skólastjóri situr fundinn undir þessum lið)

Skólastjóri fór yfir starfsemi skólans. Í upphafi skólaárs eru 56 nemendur í grunnskólanum, fækkað var um eina kennarastöðu en ráðinn stuðningsfulltrúi í 40% stöðu fyrir fyrsta til fjórða bekk. 15 nemendur eru í leikskólanum. Fjölgað hefur verið um eina stöðu, tímabundið, í leikskólanum.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 138. fundur.

### 5. Bréf:

a) Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, dags. 29.07.2013.

Efni: Sundlaugin á Húnavöllum.

Tilfni erindisins er kvörtun til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra um að ekki sé staðið nægilega vel að eftirlits og öryggismálum við sundlaugina á Húnavöllum.

Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins um það hvar ábyrgð á rekstrinum liggur og hvort að verktakar skuli sjálfir sækja um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd norðurl-vestra. Brýnt er að öll ábyrgð á rekstrinum sé skýr og sömuleiðis að þeim sem taka að sér reksturinn, sé ljós sú ábyrgð sem þeir axla við starfrækslu sundlauga.

Gera þarf grein fyrir fyrirkomulagi laugargæslu sbr. reglugerð nr. 773/2012. Heimilt er með ákveðnum skilyrðum að hafa einungis einn starfsmann við laugargæslu. Skilyrðin eru m.a. háð fjölda gesta og að eftirlitsmyndavélar séu við laugina.

Sveitarstjórn samþykkti að komið verði upp eftirlitsmyndavélum við sundlaugina. Sveitarstjóra var falið að vinna málið áfram í samráði við byggingarfulltrúa og húsvörð.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að fara yfir öryggismál sundlaugarinnar í samráði við leigutaka.

b) Frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 06.08.2013.

Efni: Óskað er eftir athugasemdum við drög að frumvarpi þar sem lögð er til breyting á 51. gr. skipulagslaga.

Til kynningar.

c) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 10.07.2013.

Efni: Varðar þjónustu við hælisleitendur.

Til kynningar.

d) Frá Landsvirkjun, dags. 09.07.2013.

Efni: Varðar vatnsstöðu Blöndulóns og eftirlit með búfé við lónið.

Til kynningar.

e) Frá RARIK, dags. 12.07.2013.

Efni: Hitaveituframkvæmdir við Reyki. Erindið er tvíþætt:

1. Óskað er eftir heimild til nauðsynlegra athafna til framkvæmda í landi sveitarfélagsins. Viðkomandi land er nú í eigu ábúenda á Reykjum.

2. Samkvæmt samningi um sölu og nýtingu hitaréttinda á Reykjum, nr. 19066, þinglýstum 30. mars 1973, skulu eigendur réttinda hafa samráð um nýtingu þeirra. Réttindi þessi eru fólgin í því að Húnavatnshreppur á forkaupsrétt á 10% af því heita vatni sem upp kemur í hvert sinn, gegn þátttöku hans í kostnaði við undirbúning, borun og virkjun borhola.

Óskað er eftir að sveitarfélagið taki afstöðu til þess hvort það nýti rétt sinn samkvæmt þessum samningi til þátttöku í fyrirhugaðri vatnsleit/vatnsöflun. RARIK lítur svo á að gegn því að fyrirtækið standi straum af kostnaði við þessa vatnsöflun sé því heimilt að nýta það vatn sem kann að finnast.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkti að nýta ekki rétt sinn til þátttöku í fyrirhugaðri vatnsöflun.

f) Frá Jónasi Skaftasyni, dags. 05.07.2013.

Efni: Varðar rekstrarleyfi og skólaakstur. Erindið var einnig sent vegagerðinni og Blönduósbæ.

Erindinu var vísað frá umfjöllun í sveitarstjórn.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 138. fundur.

g) Frá Skipulagsstofnun, dags. 18.07.2013.

Efni: Athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfa fyrir efnistöku.

Gerð er athugasemd við framkvæmdaleyfi fyrir efnistökusvæði í Hofsnámu, Melgerðisnámu, Haukagilsnámu og Uppsalanámu. Ekki hefur verið óskað eftir meðmælum stofnunarinnar vegna framkvæmdaleyfanna. Umfjöllun um efnisnámunar í aðalskipulagi Húnavatnshrepps uppfylla ekki ákvæði 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og er því brot á skipulagslögum nr. 123/2010.

Sveitarstjóra falið að senda nauðsynleg gögn sem varða þessi efnistökusvæði til Skipulagsstofnunar og óska eftir meðmælum hennar.

h) Frá Eldstoðum ehf, dags. 14.06.2013.

Efni: Eldvarnir í Húnavallaskóla.

Fram kemur í erindinu að bæta þarf brunahólfanir.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samráði við byggingarfulltrúa og húsvörð.

i) Frá Háskólanum á Bifröst, dags. 12.08.2013.

Efni: Tilraunaverkefni um hækkað menntunartig í Norðvesturkjördæmi.

Til kynningar.

j) Frá Pacta lögmönnum, dags. 26.08.2013.

Efni: Varðar fjallskilamál.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkti að leita lögfræðilits á erindinu.

### 3. Önnur mál.

Þóra Sverrisdóttir sat ársfund Norðurár bs, sem fram fór í Varmahlíð föstudaginn 6. sept 2013.

Ársreikningur Norðurár bs vegna ársins 2012, lagður fram til kynningar.

Eftirfarandi tillaga sem var til umfjöllunar 27. febr og 20. mars 2013, var tekin til umræðu:

Vegna sölu á hluta Reykjajarðarinnar samþykkir sveitarstjórn að verja allt að 15 milljónum króna af söluverði til fjarskiptamála í sveitarfélaginu og vinnuáðstöðu nemenda í Húnavallaskóla.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum. (ÞS,JS,MS,IS).

Verið er að vinna að endurbótum á fjarskiptakerfum í sveitarfélaginu. Einnig er forgangsmál að vinna að úrbótum á netsambandi og tæknimálum í Húnavallaskóla.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl. 17.50

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Guðrún Sigurjónsdóttir

---

Jakob Sigurjónsson

---

Guðmundur R. Halldórsson

---

Ingibjörg Sigurðardóttir.

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jens P. Jensen